

Ed.

387. Breytingartillögur

[147. mál]

við frv. til laga um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs, drukknáðir menn þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða. Engan má jarða í óvígðum reit.
2. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarþarm. Kirkjugarðsstjórn getur heimilað, að tvígrafið sé í sömu gröf, ef þess er óskað af hálfu vandamanna þess, er grafa á, og fyrir liggur samþykki vandamanna þess, er þar var áður grafinn. Skal þá grafardýpt hið fyrra sinni vera 2½ metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum, svo fljótt sem við verður komið, og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.
3. Við 12. gr. 2. mgr. Niður falli orðin „á meðan búsett eru í sókninni“.
4. Við 28. gr. 3. mgr. falli niður.